

2.09.2024 (#3 2024-2025) kl. 15:30

Fundurinn fer fram í gegnum fjarfundarbúnað

Mætt voru stjórnarmennirnir Valerie Maier, Jón Axelsson, Sveinn Símorsson, Rósfríð Kristín Áslaugsdóttir og Ragnar Fjalar Sævarsson, sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat **Geir Ómarsson** framkvæmdastjóri fundinn.

Fjarverandi: Margrét J. Magnúsdóttir, Katrín Pálsdóttir og Jón Orri Jónsson.

Valerie Maier stýrir fundinum.

Dagskrá fer fram í samræmi við fundarboð:

- Fundargerð síðasta fundar
- Fjárhagstaða ÞRÍ (Sveinn, Valdimar, Geir)
- Ólympíuleikar (Geir, Valerie)
- Umræðu um áframhaldandi stuðning ÞRÍ við Guðlaug Eddu
- Keppnisgjöld og greiðslur fyrir tímatöku
- Önnur mál

1. Fundargerð síðasta fundar

Valerie leggur fram fundargerð síðusta fundar sem var send stjórnarfólki í tölvupósti fyrir fundinn og biður stjórnarfólk um að koma með athugasemdir eða staðfesta fundargerðina. Engin athugasemd.

Fundargerð samþykkt

2. Fjárhagstaða ÞRÍ (Sveinn, Valdimar, Geir)

Geir og Valdimar fara yfir stöðu fjármála sambandsins. Fjárhagsstaðan er betri en búist var við eftir krefjandi tímabil. Staðan er um 4 milljónir í plús núna í byrjun september. Það átti eftir að bóka einhvern kostnað fyrir árið 2024 og jafnframt einhverjar tekjur, t.d. vantar mögulega um 600 þúsund úr afreksstjóði sem gæti dottið inn í lok þessa árs. Mögulegt er að staðan í lok árs verði í kringum 2 milljónir í plús.

3. Ólympíuleikar (Geir, Valerie)

Geir og Valerie gáfu skýrslu frá ferð þeirra á Ólympíuleikana í París. Það kom fram hjá Geir að þetta hefði verið mikil vinna og þétt dagskrá þar sem passa þurfti mjög vel upp á allar tímasetningar. Geir sagðist hafa séð lítið af Ólympíuleikunum fyrir utan þríbrautina. Hann sagði að Guðlaug Edda hafði verið tæp af meiðslum og því hafi undirbúningur verið stressandi en hann var ótrúlega stoltur og ánægður þegar Guðlaug Edda kláraði.

Valerie sagðist hafa hitt fulltrúa annarra þríbrautasambanda m.a. bæði Dani og Svisslendinga. Henni var mjög vel tekið og átti góða fundi á meðan á leikunum stóð.

Bæði voru þau sammála um að þetta væri ómetanleg reynsla fyrir þríbrautarsambandið.

4. Umræðu um áframhaldandi stuðning ÞRÍ við afreksfólk

Afreksfólk hefur notið mikils stuðning frá ÞRÍ á síðustu árum eins og fram hefur komið í fundargerðum síðustu ára. Það hefur ekki verið gerður neinn samningur við afreksfólk fyrir árið 2024. Það liggur fyrir að ÍSí ætlar að taka yfir stuðning við afreksfólk í framhaldinu en dagsetning liggur ekki fyrir og er háð fjárlögum Alþingis nú í haust. Af þessari ástæðu kemur ÞRÍ með að draga úr stuðningi við afreksfólk og einbeita sér að hæfileikamótun í nánustu framtíð en væntir þess að ÍSí komi inn með myndarlegan stuðning við afreksfólk ÞRÍ í byrjun árs 2025.

5. Keppnisgjöld og greiðslur fyrir tímatöku

Geir, Sveinn og Jón Axels fóru yfir keppnisgjöld sumarsins og greiðslur fyrir tímatöku. Tímatöku kostnaður var lagðist misjafnt á bæði keppendur og þríþrautarfélög þar sem skipta þurfti út tímatökukerfi á miðju tímabili. ÞRÍ hefur á undanförnum árum staðið straum af tímatökukostnaði til að styðja við þríþrautarfélögin.

Umræðan snérist um það hvernig ÞRÍ gæti tryggð að sami stuðningur yrði veittur öllum félögum þrátt fyrir þessar breytingar á tímatökukerfi.

Geir ætlaði í framhaldi af fundinum að taka saman kostnað þríþrautafélaganna vegna keppnishalds í sumar og koma með tillögu fyrir næsta fund um það hvernig uppgjör til félaganna gæti litið út.

6. Önnur mál

Syrktarmál

Valdimar sagði frá tveimur styrkjum sem hann útvegaði vegna undirbúnings fyrir Ólympíuleikana í París. Annars vegar styrkur frá Kópavogsbæ að upphæð 800.000 kr vegna undirbúnings og hins vegar styrkur frá UMSK að upphæð 750.000 kr.

Keppnistímabilið 2024

Geir fór yfir keppnistímabilið 2024 sem hann sagði að hefði gengið mjög vel, en það var aukning í fjölda keppenda í öllu keppnum. Keppnin í Njarðvík var því miður felld niður vegna veðurs og því var ekkert Íslandsmeistaramót í sprettþraut.

Fundi slitið kl. 18:03

Næsti stjórnarfundur

Lögð fram tillaga að næsta stjórnafund: 29. september 2024 kl 16:00.

Samþykkt

Fundargerð yfirfarin og samþykkt án athugasemda af öllum fundarmönnum